

#FÁÐU_JÁ

**STUTTMYND UM MÖRKIN MILLI
OFBELDIS OG KYNLÍFS**

LEIÐARVÍSIR

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Innanríkisráðuneyti
Velferðarráðuneyti
2012

FÁÐU JÁ!

Efnisyfirlit

I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI.....	3
Hvað er <i>Fáðu já!</i> ?	3
Afhverju heitir myndin <i>Fáðu já!</i> ?.....	3
Hvers vegna núna?.....	4
Kynbundið ofbeldi	4
Hvað kemur klám málinu við?.....	5
Hvernig er best að standa að sýningu myndarinnar?.....	6
Hvaða viðbrögðum má eiga von á?.....	7
Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?.....	8
Hvert er best að leita ef ég fæ kynlífstengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?.....	8
Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?.....	9
Hvað verður svo um myndina?	10
II HLUTI: EFNI MYNDARINNAR.....	10
Yfirlit yfir <i>Fáðu já!</i> skipt niður eftir köflum.....	10
FYRSTI HLUTI: KYNLÍF.....	10
ANNAR HLUTI: KLÁM	11
ÞRIÐJI HLUTI: OFBELDI	12
FJÓRÐI HLUTI: HVERNIG SETUR MAÐUR MÖRK?	13
FIMMTI HLUTI: HVAÐ EF MANNI ER NAUÐGAÐ?	14
SJÖTTI HLUTI: FÁÐU JÁ!	15
Viðauki.....	16
Um höfundana	16
Þarftu að ná í aðstandendur <i>Fáðu já!</i> ?.....	17

I HLUTI: HUGMYNDAFRÆÐI

Hvað er *Fáðu já!* ?

Fáðu já! er 20 mínútna löng stuttmynd sem framleidd var í sumarlok 2012, eftir tæplega árs undirbúning. Handritshöfundarnir Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir¹ tóku sig saman og unnu handritið í samráði við verkefnastjórn þriggja ráðuneyta.² *Fáðu já!* er liður í því að efna samning Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu á börnum. Markmið myndarinnar er að skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis fyrir unglingum í grunnskólum landsins, vega upp á móti áhrifum kláms og klámvæðingar, brjóta ranghugmyndir á bak aftur og innræta sjálfsvirðingu í nánnum samskiptum.

Kaflar myndarinnar eru:

1. hluti: Intro („Kynlíf er...“)
2. hluti: Klám
3. hluti: Ofbeldi
4. hluti: Að setja mörk
5. hluti: Hvað ef manni er nauðgað?
6. hluti: Fáðu já

Afhverju heitir myndin *Fáðu já!* ?

Árum saman hefur herferðin „nei þýðir nei“ verið við lýði í ýmsum birtingarmyndum til að spyrna gegn nauðgunum. Vakningin var viðbragð við þeirri útbreiddu ranghugmynd að þegar konur segðu „nei“ við kynmökum meintu þær raunverulega „já“. Þessara áhrifa gætti svo víða að vinsæl dægurlög síðustu aldar skörtuðu texta á borð við „*augun segja já þótt varir þínar segi nei.*“³

Þótt „nei þýðir nei“ herferðin hafi átt erindi á sínum tíma, er hún sama marki brennd og margar aðrar herferðir því hún leggur ábyrgðina á herðar brotapolans. Brotapolinn á sumsé að bera ábyrgð á því að segja skýrt „nei“ eða gefa til kynna með ótvíræðum hætti að hann/hún vilji ekki stunda kynmök. Rannsóknir sýna að um það bil fjórðungur brotapola frýs í

¹ Betur er greint frá menntun og reynslu handritshöfundanna í viðauka.

² Innanríkisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og velferðarráðuneytis.

³ Lagið „Augun segja já“ af plötunni Sveitaperlur (1997), flutt af Ragnari Bjarnasyni, texti þýddur úr sænsku af Kristjáni Hreinssyni.

ofbeldisaðstæðum, þ.e. missir mál og mátt.⁴ Fólk sem bregst við ofbeldi með þessum hætti er ófært um að veita mótspyrnu eða koma yfirleitt upp orði.

Samkvæmt tölum frá Stígamótum eru algengustu afleiðingar kynferðisofbeldis sjálfsásökun og skömm.⁵ Leiða má líkur að því að fólk sem frýs í ofbeldisaðstæðum sitji eftir með enn ríkari sjálfsásökun en aðrir brotapolar, þar sem það sagði ekki „nei“ né barðist gegn gerandanum. Að brjóta gegn kynfrelsi fólks sem frýs í ofbeldisaðstæðum er þó engu minna alvarlegt. Viðbrögð brotapolans við ofbeldinu dregur ekki úr alvarleika þess.

Eina leiðin til að tryggja að ábyrgðin á ofbeldi sé á réttum stað er með því að færa hana frá brotapola til geranda. Það þykir eðlilegt að fólk fái já áður en það falast eftir afnotum af t.d. bíl eða tölvu sem tilheyrir annarri manneskju. Að sama skapi ætti að þykja eðlilegt að fá já áður en falast er eftir afnotum af líkama annarrar manneskju. Fáir maður ekki já þegar maður falast eftir kynlífi á maður einfaldlega ekki að stunda það.

Hvers vegna núna?

Hugmyndin fékk vængi þegar mikil þjóðfélagsumræða átti sér stað í kjölfar þess að þjóðþekktur karl var kærður fyrir nauðgun árið 2011. Í ljós kom að ungmenni sem tjáðu sig á samfélagsmiðlum virtust eiga erfitt með að gera greinarmun á kynlífi og ofbeldi. Sumir sögðu jafnvel að þeir yrðu „upp með sér ef einhver frægur nauðgaði“ þeim. Ljóst var að ranghugmyndir óðu uppi. Nauðgun er alvarlegt ofbeldi. Það á ekkert skylt við kynlíf sem stundað er með samþykki þátttakenda. *Fáðu já!* dregur skýr mörk milli kynlífs annars vegar og ofbeldis hins vegar. Þau mörk byggja fyrst og fremst á því að eiga opin samskipti um hvað maður vill – eða vill ekki – í kynlífi. Það getur enginn lesið hugsanir og það er varhugavert að áætla samþykki annarrar manneskju fyrir kynferðislegum samskiptum. Til að vera alveg viss hvort hinn einstaklingurinn sé til í tuskið verður samþykki að liggja fyrir. Á því byggir *Fáðu já!*

Kynbundið ofbeldi

Þótt fólk af báðum kynjum geti orðið fyrir kynferðisofbeldi er staðreyndin sú að mikill meirihluti brotapola er kvenkyns og mikill meirihluti geranda er karlkyns. Kynferðisofbeldi telst því til kynbundins ofbeldis, sem er birtingarmynd kynjamisréttis.

⁴ Atli Gíslason og Jóhanna Katrín Magnúsdóttir, *Réttarvernd kynfrelsis*, 2006, bls. 5. Agnes Björg Tryggvadóttir, *Eðli og alvarleiki kynferðislegs ofbeldis hjá þolendum sem leita til Neyðarmóttöku LSH: Er munur á áfengis- og/eða vímuefnatengdu og öðru kynferðislegu ofbeldi?*, júní 2008, bls. 57.

⁵ Ársskýrslur Stígamóta frá 2002 til 2011.

Af skjólstæðingum Stígamóta er um 10% karlkyns⁶. Í könnun sem gerð var í íslenskum framhaldsskólum árið 2004 kom í ljós að 13,6% íslenskra stúlkna og 2,8% drengja höfðu verið misnotuð fyrir 18 ára aldur. Stúlkur sem sögðust hafa verið sannfærðar, þvingaðar eða neyddar til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum voru rúmlega fimmfalt fleiri en drengir.⁷ Ýmislegt bendir til þess að karlar séu síður líklegir til að greina frá ofbeldi sem þeir verða fyrir og því kann tíðni þess að vera vanmetin að mati Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar.⁸ Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu eru 95% allra gerenda í kynferðisbrotamálum karlkyns.

Þar sem kynferðisofbeldi er birtingarmynd kynjamisréttis þarf að stuðla að jafnrétti kynjanna á öllum sviðum til að útrýma því. Mikilvægt er að hafa þessar staðreyndir í huga við sýningu myndarinnar *Fáðu já!* og í þeim umræðum sem skapast í kjölfarið.

Hvað kemur klám málinu við?

Fáðu já! tekur m.a. á klámi og algengum ranghugmyndum sem þaðan eru sprottnar. Nýleg rannsókn sýnir að íslenskir drengir neyta kláms í stórum stíl og er neysla stúlkna hverfandi í samanburði. 50% íslenskra drengja á aldrinum 16-19 neyta kláms einu sinni í viku eða oftar og 20% þeirra eru stórneytendur á klám, þ.e. neyta þess daglega.⁹ Afleiðingar þess sjást mögulega í þeirri staðreynd að 22% drengja finnst ekkert athugasvert við að hafa kynmök við marga einstaklinga á einu kvöldi.¹⁰ Gerðar voru kannanir árið 2001 og 2006 á viðhorfi og þekkingu 16 ára íslenskra unglunga á kynlífstengdu efni.¹¹ Unglingarnir voru látnir útlista hvaðan þeir töldu sig hafa fengið mesta fræðslu um kynferðismál. Í þriðja, fjórða og fimmta sæti (á eftir skóla og vinum) voru internetið, tímarit og vídeo, en gera má fastlega ráð fyrir að hér sé um að ræða klám. Þá benda erlendar rannsóknir til þess að börn séu að meðaltali ellefu ára gömul þegar þau sjá klám í fyrsta sinn.¹² Aðgengi fólks að klámi hefur aldrei verið auðveldara í veraldarsögunni. Nær öll heimili í landinu eru nettengd en jafnvel bestu síur veita ekki fullkomið öryggi gegn klámefni á netinu. Áhrifa frá klámi er farið að gæta í afþreyingarefni eins og tónlistarmyndböndum, sem sýnd eru allan

⁶ Samkvæmt meðaltali úr ársskýrslum Stígamóta frá árinu 2004.

⁷ Könnun á vegum Barnaverndarstofu og rannsóknarmiðstöðvarinnar Rannsóknir og greining. Úr ársskýrslu Barnaverndarstofu 2006–2007, bls. 24 svarhlutfall. Svarhlutfall var 80% virkra nemenda, eða um 10.500 ungmenni.

⁸ Progress in Reproductive Health Research, tbl. 67, WHO, 2004.

⁹ Nordic Youth Research 2010, Rannsóknir og greining, bls. 86.

¹⁰ Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2006–2007, bls. 24.

¹¹ Alls tóku 201 einstaklingur þátt árið 2001 og 417 í könnuninni 2005–2006. Spurningalisti var lagður fyrir ungmenni á Akureyri og á Reykjavíkarsvæðinu.

¹² <http://www.thepinkcross.org/page/internet-porn-statistics>

sólarhringinn á ýmsum sjónvarpsstöðvum. Kynfræðsla hefur alls ekki haldið í við þessa hröðu þróun og útbreiðslu klámefnis. Víða er kynfræðsla í skólum aðeins hluti úr dagsstund á nokkurra ára fresti, á meðan klámið er alltaf aðgengilegt allan ársins hring. Leiða má líkur að því að mörg börn og ungmenni snúi sér til kláms í leit að upplýsingum um kynlíf, sem þjagar sýn þeirra á nán samskipti. Í klámi er oft reynt að ganga fram af áhorfandanum og uppfylla ákveðnar fantasíur sem fólk myndi síður vilja upplifa í raunveruleikanum. Þá er gjarnan viðhöfð niðrandi framkoma og talsmáti, öryggi og getnaðarvarnir virtar að vettugi og tilfinningabáttur kynlífs að engu hafður. Í sumum tegundum kláms er gengið lengra og ofbeldi viðhaft, sem stuðlar enn frekar að því að rugla óharðnaðar sálir í ríminu um hver munurinn sé á kynlífi og kynferðisofbeldi. Ljóst er að gagnrýnin umræða um klám er löngu tímabær. Kenna þarf ungmennum að klám er sviðsett söluvara sem gefur ekki raunsanna mynd af kynlífi fremur en Mikki mús gefur raunsanna mynd af hagamúsum. UNICEF, barnahjálpi sameinuðu þjóðanna, er meðal þeirra samtaka sem hefur lýst áhyggjum af klámneyslu íslenskra barna og skort á forvörnum í þeim efnum.¹³

Hvernig er best að standa að sýningu myndarinnar?

(Spurt er: Hvenær, fyrir hverja, hvernig og undir handleiðslu hvers er best að sýna *Fáðu já!*)

Hverjum og einum skóla er treyst fyrir því að meta aðstæður sínar með tilliti til þess hvernig best er að standa að sýningum myndarinnar *Fáðu já!* Að því sögðu er mælt með eftirfarandi:

1. HVENÆR?) Frumsýningu á landsvísu: Stefnt er að því að *Fáðu já!* sé sýnd öllum nemendum sem hún á erindi við á sama tíma í öllum landshornum, **miðvikudaginn 30. janúar 2013**. Kynningarstarf myndarinnar í fjölmiðlum tekur mið af þeirri dagsetningu. Í kjölfar frumsýningarinnar er mælt með að nemendum sé skipt upp í hópa fyrir umræður um innihald myndarinnar.

2. FYRIR HVERJA?) Myndin er ætluð 10. bekk en sérfræðingar á vegum ráðuneytanna sem standa að gerð myndarinnar sáu ekkert því til fyrirstöðu að 9. bekkur horfði einnig á myndina, væri þess kostur. Jafnframt töldu þeir myndina eiga fullt erindi í framhaldsskóla.

3. STÝRT AF HVERJUM?) Áhugasömum leiðbeinanda: Mikilvægt er að leiðbeinandinn, sem stýrir umræðum í kjölfar sýningu

¹³ <http://www.pressan.is/Frettir/LesaFrett/unicef-fimmti-hver-strakur-horfir-daglega-a-klam---islensk-stjornvold-standa-illa-ad-forvornum>

myndarinnar, sé áhugasamur um viðfangsefnið. Það er ekki skylda að sá leiðbeinandi komi úr röðum kennara. Ef skólahjúkrunarfræðingurinn, námsráðgjafinn, skólasálfræðingurinn eða einhver annar úr starfsliði skólans er best til þess fallin/n að takast verkefnið á hendur er hvatt til þess.

Fagleg viðvera: Það er engin skylda en gæti reynst gagnlegt að hafa einstakling með skilning á sálfræði (hvort sem það er skólasálfræðingur, félagsráðgjafi, námsráðgjafi eða einhver annar) viðstaddan við umræður eftir myndina, sé þess kostur. Þetta gæti komið sér vel ef sárar minningar rifjast upp fyrir einhverjum í áhorfendahópnum. Að öðrum kosti er gott ef slíkur fagaðili gæti verið tiltækur í kjölfar umræðnanna, gerist þess þörf. Þá gæti verið gott að láta fulltrúa barnaverndaryfirvalda á staðnum vita af sýningu myndarinnar svo hægt sé að undirbúa möguleg viðbrögð.

4 HVERNIG?) Í kynskiptum umræðuhópum: Rannsóknir sýna að stúlkur og drengir eru með gerólíkan reynsluheim hvað varðar t.d. kynni af klámi og neyslu þess eins og fram hefur komið. Samkvæmt nýlegri rannsókn á 16-19 ára ungmennum eru íslenskar stúlkur afar ólíklegar til að neyta kláms (93% þeirra horfa aldrei eða nánast aldrei á klám) en rúmur helmingur íslenskra drengja neytir kláms oft í viku og fimmtungur þeirra horfir daglega á klámefni.¹⁴ Þess vegna má leiða líkur að því að spurningar og vangaveltur kynjanna um klám og hugmyndafræði þess séu mjög ólíkar. Þá er reynsla þeirra, sem farið hafa með fræðslu um kynlíf og ofbeldi í skóla, sú að drengir og stúlkur á unglingsaldri þori fremur að bera upp viðkvæmar spurningar ef þau eru í hópi einstaklinga af sama kyni heldur en ef þau eru í blönduðum hópi. Eins og fram hefur komið er mikill meirihluti brotþola kvenkyns og mikill meirihluti gerenda er karlkyns. Mikilvægt er að geta rætt um kynferðisofbeldi sem birtingarmynd kynjamisréttis án þess að nemendum líði eins og verið sé að skipa þeim í andstæðar fylkingar (strákarnir upplifi sig sem gerendur og stelpurnar sem þolendur) og fari í vörn af þeim sökum. Þetta er enn einástæða þess að kynjaskiptir hópar gætu reynst vel.

Nafnlausar spurningar gætu reynst vel til að eyða feimni. Þá skrifa nemendur nafnlausa spurningu á blað sem leiðbeinandinn svarar í upphafi eða lok umræðnanna. Eflaust gæti þessi aðferð gert einhverjum nemendum kleift að spyrja spurninga sem þeir myndu annars ekki vilja spyrja fyrir framan aðra.

Hvaða viðbrögðum má eiga von á?

¹⁴ Nordic Youth Research 2010, Rannsóknir og greining, bls. 86.

Viðbrögðin verða eflaust eins misjöfn eins og áhorfendurnir eru margir. Þó má gera ráð fyrir því að myndin vekur upp spurningar og umræður um kynlíf, ofbeldi og samtímann – til þess er leikurinn gerður. Þá er ekki útilokað að einhverjir sem orðið hafa fyrir ofbeldi rjúfi þögnina um eigið ástand. Það mikilvægasta sem hafa ber í huga er tilkynningaskylda almennings og þeirra sem vinna með börnum undir 18 ára aldri, ef upp kemur sá grunur að barn sé beitt ofbeldi eða harðræði.¹⁵ Segi barn frá ofbeldi, eða gefi í skyn að það verði fyrir ofbeldi, ber leiðbeinandanum að tilkynna það til Barnaverndar í síma 112. Mikilvægt er að lofa barninu ekki trúnaði, því það er beinlínis skylda að rjúfa trúnaðinn og láta yfirvöld vita ef grunur leikur á að barn sé misnotað.

Hvert er best að leita ef ég fæ ofbeldistengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?

Upplýsingaveitur um ofbeldi eru til dæmis:

Barnahús, sími 530-2500

Blátt Áfram, www.blattafram.is

Unglingavefur Heilsugæslunnar: <http://www.6h.is/>

Drekaflóð, fræðslu- og þjónustumiðstöð fyrir þolendur alls kyns ofbeldis og aðstandendur þeirra: <http://drekaslod.is>

Stígamót: www.stigamot.is, sími 562-6868

Kvennaathvarfið: www.kvennaathvarf.is, sími 561 1205

Hvert er best að leita ef ég fæ kynlífstengdar spurningar sem ég veit ekki svarið við?

Spurningum nemenda um kynlíf er best svarað með virðingu að leiðarljósi, bæði fyrir spyrjandanum og viðfangsefninu. Ef leiðbeinandinn sem stýrir umræðunni veit ekki svarið við tiltekinni spurningu er betra að játa fáfræði sína en að segja eitthvað sem gæti reynst rangt. Enginn er útlærður í þessum fræðum og engin skömm að því að hafa ekki öll svör í handraðanum.

Til eru frábærar upplýsingaveitur um kynlíf og kynheilbrigði fyrir ungt fólk á íslensku, svo sem:

Kynfræðsluvefurinn, fræðsluvefur Námsgagnastofnunar:
<http://www1.nams.is/kyn/index.php>

Unglingavefur Heilsugæslunnar: <http://www.6h.is/>

¹⁵ Skv. 16. og 17. gr. Barnaverndarlaga, 2002 nr. 80 10. maí.

Áttaviti Totalráðgjafar Reykjavíkurborgar:
<http://attavitinn.is/heilsa-og-utlit/kynlif>

Ástráður, félag læknanema: www.astradur.is

Þá er félag um kynlíf og barneignir með yfirlit yfir tengdar síður hér: <http://www.fkb.is/Tenglar/>

Aðstandendur myndarinnar eru einnig boðnir og búnir að svara spurningum og aðstoða leiðbeinendur.

Hvaða skilgreiningar á ofbeldi er mælt með að ég að styðjist við?

Hér eru þær skilgreiningar á ofbeldi sem leiðbeinendum er ráðlagt að styðjast við:

Nauðgun: Er þegar einstaklingur á kynmök við annan einstakling án upplýsts samþykkis þess síðarnefnda (s.s. munnmök, samfarir um leggöng og/eða endaparmsmök, ýmist með líkamshluta, t.d. fingrum eða getnaðarlim, eða hlut.) Þannig getur karl/kona nauðgað karli/konu með því að setja fingur/lim/tungu/hlut inn í endaparm, leggöng eða munn án upplýsts samþykkis viðkomandi.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.¹⁶

Einnig er talað um kynbundið ofbeldi ef meirihluti brotamanna og meirihluti brotþola eru af sitthvoru kyninu, eins og raunin er með kynferðisofbeldi.

Kynferðisleg misnotkun á barni/kynferðisofbeldi gegn barni: Er misnotkun fullorðins einstaklings á líkamlegu og andlegu þroskaleysi barns til að fá barnið til þátttöku í kynferðislegu athæfi, óháð vilja þess. Kynferðislegt athæfi getur falist í orðum (s.s. kynferðislegt tal til barns, ýmist í eigin persónu eða í gegnum tölvu/síma/önnur samskiptatæki), myndbirtingum (s.s. að sýna barni klámefni eða taka klámfengnar myndir/myndskeið af barninu), snertingum (s.s. ef brotamaðurinn lætur barnið snerta sig sjálft, brotamanninn og/eða annan einstakling kynferðislega) og kynmökum (s.s. munnmök, samfarir um leggöng og/eða endaparmsmök, ýmist með líkamshluta, t.d. fingrum eða getnaðarlim, eða hlut.)

¹⁶ Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 2008 nr. 10 6. mars.

Hvað verður svo um myndina?

Myndin verður hýst á veraldarvefnum á síðunni www.fáðujá.is. Þar verður hægt að horfa á hana í sex, styttri myndskleiðum (en myndin í heild er 20 mínútur að lengd). Hugmyndin er sú að allir landsmenn geti horft á myndina á netinu, langi þá til þess. Með þessu móti geta foreldrar séð myndina og jafnvel hagnýtt sér hana til að eiga samtál um þessi mikilvægu málefni við börn sín.

II HLUTI: EFNI MYNDARINNAR

Yfirlit yfir Fáðu já! skipt niður eftir köflum

Upphafsaatriði: Þar sem boðskapur *Fáðu já!* er á köflum þungbær var ákveðið að hefja myndina með gamansömum hætti, eða í grátbroslegum aðstæðum þar sem verður fyrir óvæntri truflun í miðju keleríi. Þetta er til að undirstrika þá staðreynd að ýmislegt óvænt getur gerst í kynlífi og að væntingar þátttakenda þurfi að vera raunsæjar.

FYRSTI HLUTI: KYNLÍF

Í myndinni koma fyrir viðmælendur, þ.e. ungmenni¹⁷ sem tekin eru viðtöl við. Þetta eru meðlimir Jafningjafræðslunnar¹⁸ sem komu fram í myndinni af hugsjón. Viðmælendurnir segja ýmislegt um kynlíf frá eigin brjósti, hvað það getur verið skemmtilegt en jafnframt ófyrirsjáanlegt, svo það er mikilvægt að mæta til leiks með raunhæfar hugmyndir. Þau undirstrika að samþykki og sameiginlegur vilji þátttakenda sé grundvallaratriði í kynlífi. Sé samþykki ekki fyrir hendi er um ofbeldi að ræða. Munurinn á ofbeldi og kynlífi er skýr í þessu ljósi.

Umræðuverkefni: *Hvað fannst ykkur um upphafsaatriðið (tyggjósenuna)? Kom það ykkur á óvart? Hvað fannst ykkur um það sem viðmælendurnir sögðu um mörkin milli ofbeldis og kynlífs? Hvar liggja þau, að ykkar mati?*

Varist: Að missa umræðurnar út í „gráa svæðið“. Mörkin milli ofbeldis og kynlífs eru ljós. Annaðhvort liggur samþykki fyrir

¹⁷ Allir sem fram koma í myndinni höfðu náð 18 ára aldri þegar hún var tekin.

¹⁸ Heimasíða Jafningjafræðslunnar:

http://www.hitthusid.is/desktopdefault.aspx/tabid-572/1447_view-1005/

kynferðislegu athæfi fyrir, eða ekki. Liggi skýrt samþykki ekki fyrir, en gerandinn heldur samt áfram með kynferðislegt athæfi, er gerandinn í besta falli að áætla samþykki þolandans – sem er varhugavert – eða í versta falli að beita þolandann ofbeldi. Hvort tveggja ber að forðast. Samþykki fyrir því að kyssast er ekki samþykki fyrir kynmökum og því er mikilvægt að fá ótvírætt samþykki fyrir kynferðislegum samskiptum á öllum stigum þess.

ANNAR HLUTI: KLÁM

Í öðrum hluta stuttmyndarinnar eru sýnd brot úr dæmigerðum, nútíma tónlistarmyndböndum eftir heimsþekktu tónlistarmenn.¹⁹ Myndbönd af þessu tagi eru sýnd allan sólarhringinn á ókeypis sjónvarpsrásum, milli dagskrárliða á RÚV og aðgengileg á internetinu einnig. Áhrifa frá klámi gætir í tónlistarmyndböndunum, enda er framkoman í þeim kynferðisleg, hispurslaus og gróf. Allir eru til í allt með hverjum sem er. Til samanburðar eru sýnd örstutt brot úr klámmyndum og ljóst er að líkindin eru sláandi. Í klámi og klámvæddu efni þarf enginn að spyrja neinn um leyfi eða eiga neinskonar samtöl um hvar mörk fólks liggja. Í hinum raunverulega heimi er þessu öfugt farið, þar sem mikilvægt er að fólk viti út í hvað það er að fara – og að því langi að fara þangað saman. Til þess þarf að eiga opin samskipti.

Í þessum hluta stuttmyndarinnar er ráðist á ranghugmyndir sem sprotnar eru úr klámi og þær brotnar á bak aftur. Fjallað er um líkamsvöxt, fullnægingar, framkomu, getnaðarvarnir og tilfinningatengsl, en allt eru þetta þættir sem eru afbakaðir eða ekki gerð skil í klámi.

Umræðuverkefni: *Hvað fannst ykkur um brotin úr tónlistarmyndböndunum? Haldið þið að fólk hagi sér svona í alvöru? Var framkoma karla og kvenna ólík í myndböndunum? Er munur á hversu fáklædd þau eru? Ef já, afhverju teljið þið af það stafi? Fannst ykkur eitthvað líkt með tónlistarmyndböndunum og brotunum sem sýnd voru úr klámi? Haldið þið að klám gefi raunsanna mynd af kynlífi? Rökstyðjið.*

Varist: Að missa umræðurnar út í tónlistarmennina sjálfa eða tónlistarstefnuna sem þeir aðhyllast. *Fáðu já!* leggur ekki dóm á listrænt gildi tónlistar 50 cent eða annarra tónlistarmanna sem notast er við í þessari mynd. Ferill einstakra tónlistarmanna eða einstök lög/myndbönd eru málinu óviðkomandi. Aðalatriðið er að

¹⁹David Guetta (lagið „Sexy Chick“), 50 cent (lagið „Disco Inferno“), Eric Prydz (lagið „Call on me“), Die Antwoord (lögin „Zef Side“ og „Evil Boy“) og Kylie Minogue (lagið „All the Lovers“).

benda á að raunveruleikinn er ólíkur því sem ber fyrir augu í myndbrotunum sem sýnd eru í *Fáðu já!*

ÞRIÐJI HLUTI: OFBELDI

Í þriðja hluta stuttmyndarinnar er ráðist á þá lífseigu ranghugmynd að það sé hægt að „vilja láta nauðga sér“. Farið er ofan í saumana á skilgreiningu Íslensku orðabókarinnar (2010) á nauðgunarhugtakinu og undirstrikað að nauðgun fer ávallt fram *gegn vilja þess* sem fyrir henni verður. Ljóst er að skortur á samþykki brotapolans er grundvallaratriði nauðgunar. Að vilja láta nauðga sér er því einfaldlega ekki hægt.

Til að varpa enn skýrara ljósi á óskoraðan rétt einstaklingsins til að ráða yfir eigin líkama eru tekin dæmi um frumhvatir svo sem að svefn, fæðuinntöku og úrgangslausun. Hér eru leikin dæmi sem sýna hversu fjarstæðukennt það væri að þvinga aðra manneskju til að borða (stúlka neyðir dreng með offorsi til að borða hamborgara), sofa (drengur tekur vin sinn svefntaki svo hann missir meðvitund) og pissa (stúlka rífur buxurnar niður um vinkonu sína og þvingar hana til að setjast á klósettsetu). Lögð er áhersla á rétt hvers og eins til að stjórna eigin frumhvötum, alveg sama hvað hefur verið gefið í skyn í aðdragandanum. Manneskja sem hefur lýst yfir að hún sé svöng má missa matarlystina og hætta við að borða, rétt eins og manneskja sem hefur kysst og kelað má hætta við að fara alla leið, þótt annað hafi verið gefið í skyn á einhverjum tímapunkti.

Umræðuverkefni: *Hvað fannst ykkur um hamborgaraatriðið? Kom það ykkur á óvart? Hvað hefði stúlkan átt að gera öðruvísi? Hvað á þetta atriði sameiginlegt með nauðgun?*

Endurtakið sömu spurningar með svefnsófaatriðið/klósettatriðið.

Aukaverkefni: Hver er skilgreiningin á nauðgun? (Látið nemendur fletta upp í Íslenskri orðabók og „leiðrétt“ skilgreininguna á nauðgun, þar sem einungis er tekið fram dæmi um að „nauðga konu“, þegar ljóst er að karlmönnum getur einnig verið nauðgað. Þó skal tekið fram að dæmið er ekki úr lausu lofti gripið því margfalt fleiri konum og stúlkum er nauðgað heldur en drengjum og körlum, eins og fram hefur komið. Gerendur eru í langflestum tilvikum karlar. Því er um tegund kynbundins ofbeldis að ræða.)

Varist: Að missa umræðurnar út í trúverðugleikamat. Eflaust mun einhverjum finnast dæmin sem tekin eru í þessum kafla stuttmyndarinnar ótrúverðug, t.d. að einhverjum skyldi láta sér detta í hug að neyða aðra manneskju á klósettið. En það er einmitt kjarni málsins – það er fáránlegt að láta sér detta í hug að þvinga aðra manneskju til að sinna frumþörfum sínum, hvort sem

Það er úrgangsslosun sem um ræðir, eða kynlíf. Hvort tveggja er jafn skýlaust brot á sjálfsákvörðunarrétti þess sem fyrir því verður, þótt dæmin séu vissulega mis líkleg til að eiga sér stað í raunveruleikanum.

Varist jafnframt ranghugmyndir um kynhlutverk, þ.e. að stelpur geti ekki verið gerendur eða strákar ekki þolendur kynferðisofbeldis. Hvort tveggja getur gerst, þótt staðreyndin sé sú að stór meirihluti þeirra sem nauðga séu karlkyns og stór meirihluti þeirra sem er nauðgað er kvenkyns. (Sjá umræðuverkefni í fimmta hluta).

Þá ber einnig að varast ranghugmyndina að nauðgun tengist kynhneigð, t.d. að strákar sem er nauðgað séu hommar, eða að það hljóti að vera hommar sem nauðgi öðrum strákum/körlum. Nauðgun er fyrst og fremst ofbeldi. Kynhneigð er ekki hvati fyrir beitingu kynferðisofbeldis. Bæði gagnkynhneigðu og samkynhneigðu fólki getur verið nauðgað, af bæði gagnkynhneigðu og samkynhneigðu fólki.

Að lokum er vert að minnast á að kynferðisofbeldi gegn barni er alltaf alvarlegt, hvort sem barnið er átta ára, tólf ára eða fimmtán ára þegar ofbeldið á sér stað.

FJÓRÐI HLUTI: HVERNIG SETUR MAÐUR MÖRK?

Fjórði hluti stuttmyndarinnar er einskonar inngangur að því að setja mörk í lífinu. Tekið er dæmi um stúlku sem er beðin um að stjórna lúðrasveit þar sem hljómsveitarstjórnandinn forfallaðist. Stúlkan hugsar sig um, áttar sig á því að hún treystir sér ekki í verkefnið, og segir nei. Lögð er áhersla á að maður má taka sér umhugsunartíma þegar maður er beðinn um að taka afstöðu til verkefna, afpreyingar eða samskipta á borð við kynlíf. Það er sjálfsagður réttur hvers og eins að draga mörk í lífinu – rétt eins og það er skylda annarra að virða þau mörk sem maður dregur.

Því næst eru sýnd brot úr hinu fullkomna bíómyndakynlífi, þ.e. kynlífi sem er sveipað hinum rósrauða bjarma hvíta tjaldsins.²⁰ Í rómantískum bíómyndum og sjónvarpsþáttum gerist sjaldan eða aldrei neitt vandræðalegt, fólk dettur ekki fram rúminu eða fær ótímabært sáðlát. Það er engu líkara en allir geti lesið hugsanir, því enginn þarf að ræða hvað hann vill eða vill ekki í kynlífi. Þetta er hins vegar fjarri raunveruleikanum, þar sem fólk getur lent í allskonar ófyrirséðum atvikum sem eru jafnvel klaufaleg eða

²⁰ Sýnd eru brot úr kvikmyndunum *40 days 40 nights*, *Titanic*, *Lord of the rings* og *Twilight*.

vandræðaleg, líkt og viðmælendur myndarinnar koma að. Mikilvægt er að mæta til leiks með raunsæjar væntingar til kynlífs og átta sig á því að túlkun kvikmyndaframleiðenda á kynlífi er síður en svo tæmandi, ekki fremur en túlkun klámmyndaframleiðenda.

Í þessum hluta myndarinnar er einnig lögð áhersla á að það er allt í lagi að stunda ekki kynlíf yfirhöfuð. Það er líka eðlilegt að vera forvitin/n um það án þess að finnast maður vera reiðubúinn til þess strax. Fólk er mis áhugasamt um kynlíf og það mega allir hafna kynferðislegum tilboðum hvenær sem er – jafnt strákar sem stelpur.

Umræðuverkefni: *Hvað fannst ykkur um hljómsveitaratriðið? Afhverju sagði Sigrún nei þegar hún var beðin um að stjórna hljómsveitinni á tónleikum? Hvernig má beita sömu aðferð í nánnum samskiptum?*

Hvað fannst ykkur um bíómyndabrotin? Haldið þið að rómantískar kvikmyndir og sjónvarpsþættir gefi raunsanna mynd af kynlífi? Rökstyðjið.

Aukaverkefni: Látið nemendur búa til lista af kvikmyndum/sjónvarpsþáttum sem gefa annars vegar óraunsæja mynd af nánnum samskiptum, og hins vegar lista af kvikmyndum sem gefa raunsanna mynd af nánnum samskiptum. Látið þá rökstyðja niðurstöður sínar.

Varist: Að missa umræðurnar út í kvikmyndirnar eða leikarana. *Fáðu já!* leggur ekki dóm á listrænt gildi kvikmynda á borð við Twilight eða Titanic eða annarra mynda sem sýnt er úr í þessari mynd. Ferill einstakra leikara er málinu óviðkomandi. Aðalatriðið er að benda á að raunveruleikinn er ólíkur því sem ber fyrir augu í myndbrotunum sem sýnd eru í *Fáðu já!*

FIMMTI HLUTI: HVAÐ EF MANNI ER NAUÐGAÐ?

Í fimmta hluta stuttmyndarinnar er fjallað um nauðganir og helstu staðreyndir sem þær snerta. Lögð er áhersla á að bæði strákum og stelpum getur verið nauðgað, nauðgarinn er yfirleitt einhver náinn þeim og ofbeldið á sér yfirleitt stað inni á heimili en ekki í myrkum skúmaskotum á almannafæri.²¹ Taldar eru upp algengar afleiðingar nauðgunar og alvarleika þeirra gerð skil. Þá er þeim sem verða fyrir nauðgun bent á úrræði sér til hjálpar.

Hér er undirstrikað að ofbeldi er ávallt á ábyrgð þess sem beitir

²¹ Ársskýrsla Stígamóta 2008, bls. 34: 77% alls kynferðisofbeldis sem brotapolar urðu fyrir átti sér stað innan veggja heimilis.

því – ekki þess sem verður fyrir því. Þá gildir einu hvernig brotapolinn var klæddur, hvort eða hvernig hann tengist gerandanum, hvernig hann hegðaði sér eða hvar hann var staddur. Kynmök án samþykkis er nauðgun. Þess vegna er svo mikilvægt að fá einlægt já frá þeim sem maður vill stunda kynlíf með, áður en leikar hefjast. Fáist ekki já á að láta staðar numið.

Umræðuverkefni: *Hvar er algengast að nauðganir eigi sér stað? Hverjir eru líklegastir til að nauðga? Getur einstaklingum af báðum kynjum verið nauðgað? Geta einstaklingar af báðum kynjum nauðgað öðrum? Hvaða afleiðingar getur það haft að vera nauðgað?*

Varist: Að missa umræðurnar út í þætti sem afsaka ofbeldi. Undirstrikið að jafnvel ofurölvaður, nakinn einstaklingur á víðavangi á ekki skilið að vera nauðgað, fremur en allsgáður, alklæddur einstaklingur í heimahúsi. Ekkert réttlætir nauðgun. Varist einnig að umræðurnar taki á sig þann blæ að kynferðisofbeldi sé jafn algengt í garð karla/drengja eins og stúlkna/kvenna. Það er einfaldlega ekki rétt. Þótt bæði kyn geti orðið fyrir kynferðisofbeldi eru stúlkur margfalt líklegri til að verða fyrir því og drengir margfalt líklegri til að beita því einhverntíma á lífsleiðinni. Kynferðisofbeldi verður seint útrýmt fyrr en drengir og karlar líta á stúlkur og konur sem jafningja sína á öllum sviðum samfélagsins.

SJÖTTI HLUTI: FÁÐU JÁ!

Hér er meginboðskapur myndarinnar tekinn saman. Nauðgun er ekki kynlíf. Kynlíf á að vera gott. Fáðu samþykki fyrir kynlífinu áður en það hefst, því þannig kemur þú í veg fyrir misskilning, vandræði og sárindi. Fáðu já.

Umræðuverkefni: *Hvað fannst ykkur um þessa mynd? Hver var boðskapur hennar? Kom eitthvað ykkur á óvart? Eruð þið sammála eða ósammála einhverju sem kemur fram í myndinni? Rökstyðjið.*

Viðauki

Um höfundana

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir (f. 1980) er með meistaragráðu í ritstjórn og útgáfu frá Háskóla Íslands. Hún er höfundur verðlaunabókarinnar *Á mannamáli* (2009) sem fjallar um stöðu kynbundins ofbeldis á Íslandi. Hún gegnir stjórnarformennsku í Kvennaathvarfinu og hefur löngum látið kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sig varða. Þá hefur hún unnið með unglingum í Jafningjafræðslunni, félagsmiðstöðvum ÍTR, í Vinnuskóla Reykjavíkur og víðar á undanförunum fimmtán árum og sinnt margvíslegu forvarnarstarfi. Árið 2010 fór Þórdís Elva í fyrirlestrarferð um kynbundið ofbeldi í nær alla framhaldsskóla landsins og byggir handrit *Fáðu já!* að hluta á þeirri reynslu. Þórdís Elva hefur tekið þátt í málþingum, ráðstefnum og fjölmiðlaumfjöllun um málefnið. *Fáðu já!* er fyrsta stuttmyndin sem hún skrifar handritið að.

Páll Óskar Hjálmtýsson (f. 1970) er ein stærsta poppstjarna Íslands. Hann er sjálfmenntaður söngvari og hefur unnið sem slíkur frá barnsaldri. Eldra fólk jafnt sem unglingar og börn á leikskólaaldri kunna lög hans utanbókar. Af sólóplötum hans má nefna plöturnar *Stuð* (1993), *Palli* (1995), *Seif* (1996), *Deep Inside* (1999), *Allt fyrir ástina* (2007), safnplötuna *Silfursafnið* (2008) og *Ef ég sofna ekki í nótt* (2001) og *Ljósinn heima* (2003), sem hann gerði ásamt Moniku Abendroth hörpuleikara. Sem dagskrárgerðarmaður stýrði hann útvarpsþáttunum „Dr. Love“ á Mono, og Eurovisionþættinum „Alla leið“ á RÚV. Ómælt er það starf sem hann hefur sinnt í þágu réttindabaráttu samkynhneigðra, en hann hefur meðal annars setið í undirbúningsnefnd hátíðarinnar Gay Pride – Hinsegin daga allt frá upphafi. Hann hefur haldið ótal fyrirlestra í grunn- og framhaldsskólum síðustu 20 árin. Fyrirlestrarnir hafa ýmist verið um skaðsemi reykinga, áfengis- og eiturlyfjaneyslu eða öruggt kynlíf og réttindabaráttu samkynhneigðra. Páll Óskar er einnig kvikmyndanörð og síðustu 4 árin hefur hann kynnt sér sérstaklega ýmsar kennslu- og fræslumyndir sem gerðar voru síðustu 50 árin. Stuttmyndin „Fáðu Já“ er fyrsta kvikmyndaverkefni hans. Páll Óskar hefur nákvæmlega engar gráður né próf af neinu tagi en af einhverjum ástæðum er alltaf hlustað á hann.

Brynhildur Björnsdóttir er fædd 1970. Hún fór í Fossvogsskóla þar sem hún fékk ágætis kynfræðslu hjá líffræðikennaranum sínum, Sverri Guðjónssyni síðar söngvara, í ellefu ára bekk. Svo lá leiðin í Réttarholtsskóla þar sem íþróttakennarinn sá um líffræði- og kynfræðslukennslu og þegar hún var fimmtán var viðtal við hana og fleiri nemendur í Vikunni þar sem hún tjáði upplifun sína af kynfræðslukennslu sem þótti óvenju framsækin miðað við tíðaranda. Brynhildur gekk síðan í Menntaskólann við Hamrahlíð og tók stúdentspróf þaðan 1990, BA próf í Almennri bókmenntafræði árið 1993, PostGrad gráðu í leiklist frá Drama Studio London 1994 og Burtfararpróf frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2000. Hún starfaði við bókaútgáfu og blaðamennsku til haustsins 2007 þegar útvarpsþátturinn Leynifélagið, sem ætlaður er áheyrendurm á aldrinum 6-11 ára, hóf göngu sína. Brynhildur er umsjónarmaður hans ásamt Kristínu Evu Þórhallsdóttur en saman hafa þær stöllur einnig umsjá með sjónvarpsþættinum Geymslan fyrir krakka á aldrinum 3-8 ára og útvarpsþættinum Hvað er málið? sem er ætlaður hlustendahópnum 12-16 ára. Brynhildur er ástríðufull áhugakona um samfélagsmál og málefni barna og unglinga og er sannfærð um að með því að gefa þessum hópi heilbrigðan valkost við áreiti frá umhverfinu sé hægt að spyrna fæti við óæskilegum áhrifum.

Þarftu að ná í aðstandendur Fáðu já!?

Tengiliður handritshöfundanna er Þórdís Elva Þorvaldsdóttir og hana má ná í á netfanginu thordiselva@gmail.com og í síma 861-7147.